

Umferðarþing 2008

Efling umferðarfræðslu í skólum;
Markmið og leiðir



Birna Hreiðarsdóttir
Lögfræðingur í samgönguráðuneytinu
varaformaður umferðarráðs

Umferðaröryggisáætlun 2007-2010 umferðarfræðsla í skólum

Í umferðaröryggisáætlun stjórnvalda fyrir árin 2007-2010 er umferðarfræðsla í skólum gerð góð skil.

Grundvöllur þess að samgönguráðherra setti á stofn starfshóp í fyrra sem ætlað var að móta tillögur um umferðarfræðsla í skólum, markmið og leiðir.

Starfshópurinn skilaði áfangaskýrslu í maí á þessu ári.

Helstu tillögur starfshópsins eru eftirfarandi:



Niðurstöður starfshópsins

Að umferðarfræðsla verði styrkt enn frekar sem skilgreindur þáttur í aðal- og eða skólanámskrám fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Að menntamálaráðuneytið hafi frumkvæði að því að gefa út handbók um markmið og leiðir í umferðarfræðslu í skólum.

Að sett verði á stofn umferðarfræðslusvið Umferðarstofu sem gegni lykilhlutverki í að miðla upplýsingum um umferðarmál til barna og ungmenna í skólum.



Niðurstöður frh./

Að almennur umferðaröryggisdagur verði haldinn árlega að hausti þegar skólarnir taka til starfa.

Að gerður verði samningur við embætti Ríkislögreglustjóra um þátttöku lögreglunnar í umferðarfræðslu í skólum.

Að samstarfsverkefni Umferðarstofu, Grundaskóla og Námsgagnastofnunar á sviði umferðarfræðslu og námsefnisgerðar verði eflað.

Að hvatt verði til þess að umferðarfræði verði hluti af almennum kennaranámi.



Niðurstöður frh./

Að umferðarfræðsla verði þróuð í takt við breyttar áherslur í samgöngumálum.

Að boðið verði upp á umferðarfræðslu sem valgrein í 8.-10. bekk grunnskóla.

Að heimilt verði að meta ökunám til eininga í framhaldsskólum.

Að þróað verði enn frekar vefsvæðið www.umferd.is þannig að það nái til allra atriða varðandi umferðarfræðslu barna frá leikskóla og upp í framhaldsskóla.



Niðurstöður frh./

Að áhersla verði lögð á fjölbreytni í kennslu í umferðarfræðslu í skólum og leitast verði við að samþætta umferðarfræðslu öðrum námsgreinum og ólíkum valkostum í samgöngum eins og unnt er.

Að hvatt verði til að skólar setji sér umferðaröryggisáætlanir sem hluta af skólanámskrá og umferðaröryggisáætlun viðkomandi sveitarfélags.

Að hvatt verði til að umferðarfulltrúar verði tilnefndir í öllum leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum.



Úr 3. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

„Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar stofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn.

Með hliðsjón af réttindum og skyldum foreldra eða lögráðamanna, eða annarra sem bera ábyrgð að lögum á börnum, skuldbinda aðildarríki sig til að tryggja börnum þá vernd og umönnum sem velferð þeirra krefst, og skulu þau í því skyni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu.“



Umferðarfræðsla í skólum kallar á fjármuni...



....En í Bretlandi og öðrum löndum hefur verið sýnt fram á með útreikningum að umferðarfræðsla barna er þjóðhagslega hagkvæm og fjármunir skila sér til baka.

Efnahagslegir og þjóðhagslegir hagsmunir af því að sinna umferðarfræðslu í skólum með myndarbrag.



Kostnaður samfélagsins af umferðarslysum

Við endurskoðun umferðaröryggisáætlunar verður lagt til að Hagfræðistofnun Háskóla Íslands falið reikna út meðaltalskostnað samfélagsins af hverju einstöku banaslysi og alvarlegu slysi, ma. út frá þessum atriðum:

- Læknis- og heilsufarskostnaður
- Tapaður vinnutími
- Þjáningar, kvalir og sorg
- Efnislegt tjón
- Kostnaður vegna lögregluafskipta og neyðarþjónustu
- Vátryggingar
- Kostnaður vegna lögfræðiaðstoðar og málareksturs



Inntak umferðarfræðslu í skólum

Með umferðarfræðslu barna er stefnt að því að örva og þróa færni barna:

- Í þekkingu þeirra og skilningi á umferð á vegum.
- Að þekkja aðsteðjandi hættur í umferðinni.
- Skilningi þeirra á því að þau bera ábyrgð á eigin öryggi í umferðinni, miðað við þroska og aldur.
- Á viðhorfum þeirra til eigin öryggis og öryggis annarra í umferðinni, þ.e. samspili þessara þátta.
- Að þekkja orsakir og afleiðingar umferðarslysa.



Fyrirkomulag umferðarfræðslu í skólum

Reynsla erlendis sýnir að mestur árangur næst þegar sérfræðingar á sviði menntunar og kennslu, lögreglunnar, heilbrigðisgeirans og umferðarmála taka höndum saman.

Mikilvægt að kortleggja sviðið þannig að heildstæð áætlun liggi fyrir sem tekur á kennslu, námsefni, kennaranámi í umferðarfræðslu og markvissri innleiðingu umferðarfræðslu í skólanámskrár.



Námsefni fyrir umferðarfræðslu

Mikilvægt að við gerð námsefnis sé þess vandlega gætt að það sé í samræmi við þroska hvers aldursflokks fyrir sig.

Stöðugt endurmat á kennsluefni og fyrirkomulagi til að tryggja árangur.

Flokkun námsefnis:

- Fyrir leikskóla
- Fyrir grunnskóla, sem skiptist námsefni fyrir:
 1. - 4. bekk
 5. - 7. bekk
 8. - 10. bekk
- Fyrir framhaldsskóla.



Umferðarlög og umferðarfræðsla

Í reglugerð nr. 534/1989 um umferðarfræðslu í skólum sem menntamálaráðherra setti á sínum tíma eru mörg mikilvæg ákvæði. En þar sem grunnskólinn fluttist yfir til sveitarfélaga árið 1998 varð reglugerðin í raun óvirk.

117. gr. Umferðarlaga nr. 50/1987: Kennsla í umferðarreglum skal fara fram í grunnskólum. Menntamálaráðherra setur, að fenginni umsögn [Umferðarstofu],¹⁾ reglugerð um tilhögun kennslunnar og prófkröfur.²⁾ Ráðherra getur og með sama hætti sett reglur um slíka kennslu í öðrum skólum.



Grundaskólaverkefnið

Árið 2005 var gerður sérstakur samningur við Grundaskóla á Akranesi. Skólinn gerður að móðurskóla umferðarfræðslu á landinu.

Samningurinn var endurnýjaður í þriðja sinn í október sl. til eins árs.

Helstu nýmæli í samningnum er að Grundaskóli tekur að sér að gera handbók um umferðarfræðslu í skólum fyrir grunnskóla á landinu.

Umferðarvefurinn www.umferd.is er samvinnuverkefni Námsgagnastofnunar, Umferðarstofu og Grundaskóla.





þakka áheyrnina!

